



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Kjörfundur

| | | | |
|--|--|-------------------------|------------------|
| Dags. fundar 16.04.24 | Tími 17:00 | Staður O - 201 | Nr. fundar 12 |
| Fundarboðandi Rakel Anna Boulter | Fundarritari Guðmundur Ásgeir Guðmundsson | Dags. rituð 16.04.24 | |
| Fundaraðilar mættir: | | | |
| <u>Félagsvísindasvið:</u> Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka) Katla Ólafsdóttir (Röskva) Ragnheiður Geirsdóttir (Vaka) Birkir Snær Brynleifsson (Vaka) Patryk Lukasz Edel (Röskva) | | | |
| <u>Heilbrigðisvísindasvið:</u> Kristrún Vala Ólafsdóttir (Röskva) Tinna Eyvindardóttir (Vaka) Eiríkur Kúld Viktorsson (Vaka) | | | |
| <u>Hugvísindasvið:</u> Ísleifur Arnórsson (Röskva) Sóley Anna Jónsdóttir (Röskva) Anna Sóley Jónsdóttir (Vaka) | | | |
| <u>Menntavísindasvið:</u> Gunnar Ásgrímsson (Vaka) Magnús Bergmann Jónasson (Röskva) Ásthildur Bertha Bjarkadóttir (Vaka) | | | |
| <u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u> Kristín Fríða Sigurborgardóttir (Röskva) Jóhann Almar Sigurðsson (Vaka) (<i>teams</i>) Ester Lind Eddudóttir (Röskva) | | | |
| <u>Aðrir (án atkvæðisréttar)</u> Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, lánaþjófurfulltrúi SHÍ Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (<i>ritari</i>) Nana Bruhn Rasmussen, alþjóðafulltrúi SHÍ Arent Orri Jónsson Claessen Snæfríður Blær Tindsdóttir Sæþór Már Hinriksson Kjartan Leifur Sigurðsson Kristófer Breki Halldórsson Viktoría Tea Vökudóttir Hannes Lúðvíksson Sigurbjörg Guðmundsdóttir Ásdís Rán Kolbeinsdóttir Íris Gunnarsdóttir Ragnheiður Arnarsdóttir | | | |



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Alda María Þórðardóttir
Mathias Bragi Ölvisson
Guðni Thorlacius
Viktor Pétur Finnsson
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir
Katrín Björk Kristjánsdóttir
Lilja Hrönn Ö. Hrannarsdóttir
Arna Dís Heiðarsdóttir
Gréta Dögg Þórisdóttir
Styrmir Hallsson
Magnús Hallsson
Fjóla María Sígurðardóttir
Sindri Freyr Ásgeirsson
Daníel Hjörvar Guðmundsson

Fundardagskrá

Kjörfundur 16. apríl 2024 í stofu O 201

1. Fundur settur

Meeting begins

2. Kjör forseta Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Election of the President of the Student Council 2024-2025 (voting)

3. Kjör varaforseta Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Election of Vice President of the Student Council 2024-2025 (voting)

4. Kjör hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Election of the Interest Representative of Student Council 2024-2025 (voting)

5. Kjör lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Election of Student Loan Representative of the Student Council 2024-2025 (voting)

6. Tilnefningar fylkinga í sviðsráð 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Nominations for the Student Council's schools 2024-2025 (voting)

7. Tilnefningar fylkinga í nefndir Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Nominations for the Student Council's committees 2024-2025 (voting)

8. Kjör Aurora fulltrúa Stúdentaráðs

Election of the Aurora representative of the Student Council

9. Kjör varafulltrúa í Stúdentaráð 2023-2024 (atkvæðagreiðsla)

Election of vice-representatives of the Student Council 2023-2024 (voting)

10. Tilnefningar fylkinga til Háskólapings 2023-2024 (atkvæðagreiðsla)

Nominations for the University Assembly 2023-2024 (voting)

11. Önnur mál

Other issues

I. Fundur Settur

Meeting begins

- a. Forseti Stúdentaráðs 2023-2024, Rakel Anna Boulter, setur fundinn og fer yfir fáein praktísk mál áður en hún stýrir kjöri til forseta 2024-2025. Jafnframt, óskar Forseti nýjum fulltrúum Stúdentaráðs til hamingju með kjörið. Uppgjör ársins mun fara fram á skiptafundi og þar tekur nýtt Stúdentaráð formlega við störfum af fráfarandi Stúdentaráði.
- b. Forseti fer yfir hvernig Stúdentaráðsfundir fara fram, bæði almennt og skiptafundir sérstaklega. Tekur fram að einungis nýkjörnir Stúdentaráðsliðar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt á þessum fundi. Varafulltrúar þeirra fá hvorki málfrelsi né atkvæðisrétt fyrr en þeir hafa hlotið formlegt kjör.
- c. Aðrir gestir hafa ekki málfrelsisrétt eða atkvæðisrétt. Hins vegar er hægt að opna mælendaskrá í tilteknum dagskrárlið eða dagskránnu í heild sinni. Sé þess óskað þá kjósa Stúdentaráðsliðar um það.
- d. Mælendaskrá opnar þegar fundarstjóri opnar hana. Fundargestir komast á mælendaskrá með því að óska eftir orðinu með því að rétta upp nafnspjöldin.
- e. Stúdentaráðsliðar nota nafnspjöldin sín sem atkvæðisseðil og eiga vinsamlegast að rétta honum upp þannig að hann sé vel sýnilegur. Hægt er að óska eftir leynilegri atkvæðagreiðslu og þá þarf að biðja um slíkt tímanlega áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.
- f. Fráfarandi forseti stjórnar fundinum þar til að nýr forseti hefur hlotið kjör. Frambjóðendum á skrifstofu gefst færi á að halda framboðsræðu og er hámark tímalengdar 3 mínútur. Stúdentaráðsliðum gefst færi á að spyrja frambjóðendur spurninga.

2. Kjör forseta Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Election of the President of the Student Council 2024-2025 (vote)

- a. Fyrir hvern dagskrárlið er óskað eftir tilnefningum úr sal en aðeins tilnefningum á skrifstofuna verður gefið færi á 3 mínútna ræðu til að kynna sig fyrir nýju Stúdentaráði, í stafrófsröð. Eftir ræðurnar verður opnað fyrir spurningar og því næst greidd atkvæði.
- b. Raket Anna, fráfarandi forseti, óskar eftir tilnefningum til forseta úr sal. Röskva tilnefnir ekki og Vaka tilnefnir Arent Orra J. Claessen sem heldur sína framboðsræðu.
- c. Raket Anna opnar fyrir spurningar

- i. **Katla** spyr hvort Arent ætli að segja af sér öllum trúnaðarstörfum fyrir stjórnmalaflokka hljóti hann kjör.

Arent svarar því neitandi þar sem það sé ekki ætlunin að beita einhverri hægri-vinstri markaðsstefnu í Stúdentaráði heldur aðallega að berjast fyrir hagsmunum stúdenta.

Katla Ólafsdóttir fer fram á svohljóðandi bókun:

„Forseti Stúdentaráðs á að vera hlutlaus og sjálfstæður fulltrúi hagsmuna stúdenta. Að hann gegni trúnaðarstörfum fyrir alþingisflokk, hvað þá ríkisstjórnarflokk sem háskólamálaráðherra situr í, skaðar verulega trúverðuleika Stúdentaráðs sem óháða hagsmunastofnun. Undanfarin ár hefur Forseti Stúdentaráðs ávalt verið sem óháðastur stjórnmalahreyfingum í landspólítík og aldrei gegnt trúnaðarstörfum fyrir stjórnmalaflokka á meðan hann sinnir embættinu. Hefur þetta verið gert til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og vernda trúverðuleika Stúdentaráðs”.

- ii. **Nana** spyr hvernig Arent ætli sér að tryggja gott vinnuumhverfi á skrifstofu Stúdentaráðs, þar sem hún er í hugleiðingum um áframhaldandi starf sem alþjóðafulltrúi.

Arent svarar því að gott vinnuumhverfi sé tryggt með góðu og gagnsæju upplýsingaflæði og að það sé mikilvægt að taka samtalið. Jafnframt bætir Arent við að það sé frábært að Nana hafi áhuga að halda áfram þar sem það er mikilvægt að við reynum að tryggja að góð störf haldi áfram.

Kristrún leggur til að mælendaskrá verði opin öllum viðstöddum út fundinn

Atkvæðagreiðsla:

8 samþykki: Kristín, Kristrún, Patryk, Ester, Magnús, Sóley, Ísleifur og Katla (hér eftir **Röskvuliðar**)

9 sitja hjá: Júlíus Viggó, Anna, Eiríkur, Ragnheiður, Gunnar, Tinna, Ásthildur, Birkir og Jóhann (hér eftir **Vökuliðar**)

iii. **Rakel Anna** spyr Arent hver stóru málin séu á næsta starfsári og hvaða mál hann langi að leggja sérstaka áherslu á

Arent svarar að það séu fullt af hugmyndum sem koma kollinn eftir að Vaka hefur verið í minnihluta síðan starfsárið 2016-2017. Það brýnasta sem hægt er að gera sé þó að líta á Háskólann og háskólasvæðið og einbeita sér að hlutunum sem snerta okkur öll, bæði daglegu en líka stóru hlutirnir. Við megum ekki missa sjónar á því sem er í gangi í Háskólanum og rugla hugmyndafræði saman við raunverulega hagsmuni stúdenta í dag. Það eru miklar vendingar í samgöngumálum og kennslumálum, eins og t.d. Hótel Saga svo dæmi sé tekið – það eru rosalegir hagsmunir sem liggja undir fyrir öll sviðin. Það þarf að tryggja að þetta sé gert eins straumlínulagað og kostur er á.

iv. **Nana:** Vaka hefur síðastliðið ár talað mikið um hvernig það er að vera í minnihluta og að það sé nauðsynlegt að fylkingarnar vinni betur saman. Sem óháður aðili er ég mjög sammála þessu og spyr því hvernig þið í Vöku ætlið að tryggja betra samstarf fylkinganna á milli?

Arent: Mjög góð spurning, við erum búin að vera í minnihluta lengi og það er í rauninni eina stofnanamíning Vöku í dag. Ef það er vilji kjósenda að Vaka sé í minnihluta, þá er það vilji kjósenda og ég get alveg sætt mig við það en það er ekki það sem skiptir máli. Það sem skiptir máli er að það sé farið eftir leikreglunum, að það sé samtal, að það sé allt upp á borðinu og síðan sé deilt um það hvernig á að fara að hlutunum sem eru uppi á borðinu. Þetta er einmitt það sem mér hefur fundist vanta undanfarið, það er ekki verið að ræða hlutina eins og þeir eru. Mér finnst mikilvægt að við tryggjum að við ræðum hlutina eins og þeir eru og séum ekkert að sykurhúða þá – og í kjölfarið eiga málefnalegar umræður. Ég held að það sé lyklatríðið í því að tryggja að það sé yfirhöfuð hægt að eiga eitthvað samstarf.

- v. **Arna:** Hvernig ætlar þú að tryggja að þú þjónir öllum stúdentum, hljótur þú kjör?
Arent: Það er ekkert launungamál að ég sé hér í umboði Vöku en hljóti ég kjör verð ég í umboði meirihluta Stúdentaráðs. Eins og ég nefndi í svari mínu til Nönu þá er ekkert mikilvægara en að það sé samtal og að það sé eining til framtíðar. Án þess að benda á neinn þá sé ég að minnsta kosti hvernig ég myndi ekki gera þetta. Mér finnst þetta orðið eins og eitruð ástarsamband sem þarf að hrísta aðeins upp í. Saman hljótum við að geta komist að niðurstöðu þar sem báðir aðilar ganga ágætlega sáttir frá borði.
- vi. **Arna:** Ég hef unnið ágætlega náðið með þér þar sem þú varst formaður lagabreytingarnefndar líðandi starfsárs. Það var mjög erfitt að ná í þig - ætlar þú að reyna að bæta þetta, hljótir þú kjör?
Arent: Ég ætla ekkert að fara leynt með mínar greiningar á athyglisbresti og tek þetta á mig. Ég á það til að svara skilaboðum í höfðinu en ekki í raunveruleikanum. Ég er í persónulegu átaki og lofa því að bæta þetta á komandi starfsári.
- vii. **Rannveig Klara** spyr hversu mörgum boltum Arent ætli að halda á lofti næsta starfsár.
Arent svarar því að hann muni ekki vinna neitt annað starf á meðan hann sinnir starfi forseta þar sem það myndi fá alla hans orku en bætir þó við að það megi samt ekki gleyma að hafa gaman.
- viii. **Kristín:** Ég var að forvitnast: Af hverju ákvaðst þú að bjóða þig fram?
Arent: Af hverju ekki? Mig langar að berjast fyrir hagsmunum stúdenta og ég er ekki stúdentaráðsliði. Ég hef tekið þátt í upprisunni Vöku seinustu árin. Ég man slæmu dagana og góðu dagana. Ég hlaut síðan kjör á aðalfundi Vöku og það er því í umboði félagsins sem ég býð mig fram í dag.
- d. Atkvæðagreiðsla
9 samþykkið – Vökuliðar
8 á móti – Röskvuliðar
Arent Orri J. Claessen hlýtur því kjör sem nýr Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands og tekur við fundarstjórn.

3. Kjör varaforseta Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)



Election of Vice President of the Student Council 2024-2025 (voting)

- a. Arent Orri, nýkjörinn forseti SHÍ heldur sama fyrirkomulagi og óskar eftir tilnefningum til varaforseta úr sal. Röskva tilnefnir ekki. Vaka tilnefnir Sigurbjörgu Guðmundsdóttur sem heldur sína framboðsræðu.
- b. Arent opnar fyrir spurningar
- i. **Rannveig Klara** spyr hversu mörgum boltum Sigurbjörg ætli að halda á lofti á næsta starfsári.
Sigurbjörg svarar að hún muni halda áfram í sínu námi við Háskólann en sjái fram á að þurfa að segja upp öðru starfi þar sem hún sér ekki fram á að geta unnið það samhliða starfi varaforseta.
 - ii. **Rakel Anna:** Nú þurfa varaforseti og forseti að vinna náid saman. Hvernig er samband ykkar Arents?
Sigurbjörg: Jú, það verður að segjast að það hefur verið mjög gott. Ég var varaformaður Vöku á líðandi starfsári á meðan hann var formaður og það gekk vonum fram. Það getur auðvitað stundum verið erfitt að vinna með honum en við erum gott teymi og jöfnum hvort annað út – hann með athyglisbrest og ég kannski aðeins jafnari.
 - iii. **Kristín** veltir fyrir sér hvers vegna Sigurbjörg hafi ekki boðið sig fram til forseta í stað Arents.
Sigurbjörg: Það er góð spurning, ég hugleiddi það ekkert sérstaklega. Þetta fyrirkomulag virkaði vel hjá okkur í ár. Vissulega hefði þetta alveg getað verið öfugt – ég þældi ekkert sérstaklega í því.
 - iv. **Ólöf Soffía:** Nú er eitt helsta verkefni varaforseta að halda utan um nemendafélögin. Hvernig munt þú tryggja að þú starfir í þágu allra nemendafélaga?
Sigurbjörg: Til dæmis með því að hitta nemendafélögin og vera í góðu sambandi við þau hvort sem það er í gegnum samfélagsmiðla eða í persónu. Síðan mun ég vonandi fá góða punkta frá Dagmar og ráðleggja mig við hana hvernig sé best að standa að þessu. Ég vil tryggja að það sé mjög gott upplýsingaflæði og tryggja að samvinnan milli nemendafélaganna verði sem best.
 - v. **Dagmar** spyr hvort að Sigurbjörg sjái fyrir sér eitthvað sérstakt sem muni einkenna starf hennar sem varaforseti.

Sigurbjörg svarar að hún hafi ekki leitt hugann sérstaklega að því en að það muni líklegast koma í ljós er líður á starfsárið. Hún vill að starf hennar mótist frekar en að hún sé að ákveða það eitthvað fyrirfram.

vi. *Júlíus Viggó lýsir yfir ánægju sinni að Sigurbjörg skuli bjóða sig fram í embættið þar sem hún og Arent fullkomni hvort annað og vísar í leiðinni í textabrot úr laginu Við eigum hvor annan að.*

c. Atkvæðagreiðsla

9 samþykki – Vökuliðar

8 sitja hjá – Röskvuliðar

Sigurbjörg Guðmundsdóttir er því nýkjörin varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

4. Kjör hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Election of the Interest Representative of Student Council 2024-2025 (voting)

a. Arent óskar eftir tilnefningum til hagsmunafulltrúa úr sal. Röskva tilnefnir ekki. Vaka tilnefnir Valgerði Laufeyju Guðmundsdóttur sem því miður komst ekki á fundinn vegna veikinda og því flytur Júlíus Viggó undirbúna framboðsræðu fyrir hennar hönd.

b. Arent opnar fyrir spurningar

i. *Rakel Anna spyr hvort Valgerður gegni einhverjum pólitískum trúnaðarstörfum.*

Arent svarar að hún gegni ekki neinum trúnaðarstörfum þar sem hún hætti nýlega í stjórn Heimdallar.

c. Atkvæðagreiðsla

16 samþykki

Sóley Anna **situr hjá**

Valgerður er því nýkjörin hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

5. Kjör lánaþjófssfulltrúa Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Election of Student Loan Representative of the Student Council 2024-2025 (voting)

a. Arent óskar eftir tilnefningum til lánaþjófssfulltrúa úr sal. Röskva tilnefnir ekki. Vaka tilnefnir Júlíus Viggó Ólafsson sem heldur sína framboðsræðu

b. Arent opnar fyrir spurningar.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- i. **Gísli** biður **Júlíus Viggó** um að rökstyðja hvers vegna hann vilji vera í þeirri stöðu að geta fengið erfið mál á borð til sín þar sem fólk getur verið komið í bága stöðu. **Júlíus Viggó** svarar því að stór hluti af störfum stjórnarinnar sé að útkljá og fást við erfið mál og að það sé mikilvægur þáttur í þessu starfi. Sjálfur hafi hann sömuleiðis reynslu af því að vera lántaki í bágri stöðu og í óvissuástandi í lok annar og geti því sett sig í spor annarra lántaka í svipaðri stöðu. Grundvallarmálið í þessu öllu saman sé þó að hann sé allur af vilja gerður til að hjálpa fólki, hann hafi reynslu bæði úr atvinnulífinu og öðrum félagsstörfum að takast á við erfið mál með nærgætnum hætti og telur sig þar af leiðandi fullbúinn í slík verkefni.
- ii. **Gísli** spyr **Júlíus Viggó** hvort honum finnist ekkert skrýtið við það að vera í Stúdentaráði og starfsmaður skrifstofunnar
Júlíus Viggó svarar því neitandi þótt hann skilji vel að það sé vilji fyrir því að vera með aðskilnað þar á milli. Þá sér hann ekki hvernig þetta fyrirkomulag muni aftra honum í starfi, þvert á móti sjái hann frekar ábata af því að vera með beinni tengilið að Stúdentaráði. Slíkt myndi auka flæði á þeirri stefnu sem ráðið hefði á oddinum hverju sinni
Gísli biður í kjölfarið **Júlíus Viggó** um að útskýra nánar
Júlíus Viggó útskýrir að hann muni taka þátt í umræðum og stefnumótandi málum innan Stúdentaráðs og sé tilbúinn að taka þau áfram og vinna eftir þeim. Hann sjái það ekki sem einhvern árekstur.
Dagmar spyr í kjölfarið hvort **Júlíus** haldi að hann geti veitt sjálfum sér aðhald, þar sem Stúdentaráð eigi að veita skrifstofunni aðhald.
Júlíus Viggó svarar því honum finnist Stúdentaráð ekki hafa veitt skrifstofunni aðhald þegar að því hefur komið. Hann hafi þar að leiðandi ekki áhyggjur af því þar sem hann haldi að það munu engir hagsmunaárekstrar eiga sér stað þar.
- iii. **Nana** bendir á að allar tilnefningar Vöku séu fulltrúar af Félagsvísindasviði og spyr **Júlíus** hvort það hefði ekki verið betra að leitast eftir því að hafa fulltrúa með fjölbreyttari bakgrunna í störfum skrifstofunnar, það hafi verið mikill styrkleiki síðustu skrifstofu.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Júlíus Viggó svarar að það geti vissulega verið styrkleiki að hafa skrifstofu með ólíka bakgrunni en að hann sjái það hins vegar ekki sem veikleika að allar tilnefningar Vöku séu á Félagsvísindasviði. Þetta fólk hefði verið valið á aðalfundi Vöku því þar staddir fundarmenn treystu þeim best til þess að sinna þessum störfum og völdu bestu samsetninguna. Það að sú samsetning séu fjórir fulltrúar af sama sviði sjái hann ekki sem eitthvað vandamál

Nana spyr hvort það sé ekki hættu á því að skrifstofan skoði mál út frá of einsleitu sýnishorni – sviðin séu mjög mismunandi og það sé mikilvægt að fá innslag frá þeim.

Júlíus Viggó skilur þetta sjónarmið en svarar því að hann hafi ekki áhyggjur af því að það verði einhver félagsvísindasviðsslagsíða í störfum skrifstofunnar. Fulltrúar og félagsmenn Vöku sé mjög breiður og fjölbreyttur hópur sem samanstendur af sterkum einstaklingum á öllum sviðum. Þessir sömu einstaklingar hafi veitt þessum frambjóðendum til starfa skrifstofunnar umboð sitt til að bjóða sig fram.

Kristín: Þið talið um það að þið séuð með sterka einstaklinga á þessum sviðum innan fylkingarinnar en hafið samt ekki sett þau í þessi störf

Júlíus Viggó: Þegar við hefjum störf á skrifstofu Stúdentaráðs erum við ekki að fara að loka á ólík sjónarmið. Það er þvert á móti okkar grundvallarhlutverk að vera í virku sambandi við allar deildir skólans, í öllum kimum þar sem stúdent er að finna með því að til dæmis koma á laggirnar nýjum nemendafélögum og, eins og Sigurbjörg kom inn á áðan, vera í virku og góðu samtali við nemendafélögin. Við sjáum það ekki aftra okkur sem einstaklingar að við séum öll frá félagsvísindasviði sem er stærsta sviðið.

- iv. **Kristrún** segist hafa ætlað að fá það hreint hvort Júlíus Viggó myndi segja af sér í Stúdentaráði en svarið við því var orðið ljóst í fyrri svörum hans.
- v. **Sæþór** spyr Júlíus Viggó hvort það sé honum ekki auðvelt að veita sjálfum sér aðhald, hann sé búinn að vera duglegur að stunda líkamsrækt og sé í hvíld frá bjórdrykkju.

Júlíus Viggó segir það vissulega vera rétt og vonandi til marks um þann andlega styrk sem hann býr yfir til að veita sjálfum sér aðhald.

- vi. *Rannveig Klara spyr hversu mörgum boltum Júlíus Viggó ætli sér að halda á lofti næsta haust.*

Júlíus Viggó svarar að eina fulla atvinnan hans sé að vera skuldari og einu viðbæturnar við það séu félagsstörf Vöku, áframhaldandi starf sem formaður Heimdallar og að lokum muni hann sinna náminu sem á þó til að gleymast.

Gísli fer fram á svohljóðandi bókun:

„Nú liggur fyrir ráðinu að taka afstöðu til kjörs frambjóðanda, sem einnig er stúdentaráðsliði og oddviti annarrar fylkingar af tveimur, sem starfsmann skrifstofu SHÍ. Í ljósi reynslu sinnar af þessum störfum geta undirrituð ekki orða bundist um réttmæti þeirrar ákvörðunar.

Þrátt fyrir það pólitíska svipmót sem félagið hefur er Stúdentaráð Háskóla Íslands fyrst og fremst hagsmunasamtök sem hafa að stærstu leyti sömu störf með höndum og verkalýðsfélög. Tilefni er til þess að áréttu að í þessu felst grundvallarmunur á starfsemi Stúdentaráðs og almennra stjórn mála á Íslandi, þar sem ráðherrar eru virkir þátttakendur í stjórn málum. Mikilvægi þess að nemendur skólans geti leitað til skrifstofunnar með sín vandamál í trúnaði án þess að mæta þar hreinum pólitíkusum, sem t.a.m. taka með beinum hætti þátt í atkvæðagreiðslum, kjósa sjálfir um stefnu ráðsins og hafa aðhald með sjálfum sér, getur ekki verið undirstrikað nægilega. Þetta er m.a. ástæða þess að kjörið starfsfólk skrifstofunnar hefur undanfarin ár, að undanskilinni kosningabaráttu, gætt þess að aðskilja opinberlega störf sín fyrir ráðið, annars vegar, og fyrir sína fylkingu, hins vegar. Þannig hefur starfsfólkið sjálft ekki kynnt sín störf sem störf fylkingarinnar og ekki haft merki eða fatnað staðsett á skrifstofunni sem gefur óhlutlægni til kynna. Þegar starfsmaður skrifstofunnar er sjálfur í stúdentaráði verður þetta ómögulegt og faglegt yfirbragð félagsins og starfsemi þess fyrir borð borið.

Að því gefnu að lýðræðisleg umræða eigi sér stað innan fylkingar stúdentaráðsliðans má að lokum gera ráð fyrir því að aðhald með störfum starfsfólks skrifstofunnar eigi sér ekki síst stað

á þeim vettvangi. Sá hagsmunaárekstur sem hér hefur skapast mun ekki síst leiða til þess að starfsmaðurinn muni sæta lítilli gagnrýni og aðhaldi, þar sem hann hefur sjálfur það verkefni að efast um eigið réttmæti. Þetta er þróun til fortíðar þar sem aðhald, fagleg starfsemi og hagsmunir Stúdentaráðs í heild réðu ekki för.“

Undir bókunina taka

Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ
Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ
Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ
Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi SHÍ

- vii. **Júlíus Viggó:** Ég hef alltaf dregið í efa að einhverju leyti hvort það sé heilbrigðara upp á traust og gegnsæi að fólk sigli undir því flaggi að segjast vera hlutlaust eða koma til dyra með þeim skoðunum sem það hefur. Ég fel ekkert hvar ég stend í mínum skoðunum og ef ég myndi reyna að koma fram haldandi fram að ég væri hlutlaus, ekki undir neinum áhrifum neins og hallast ekki í neina átt – það kalla ég frekar óheiðarlegt.

Katla fer fram á svohljóðandi bókun:

„Við í minnihlutanum ítrekum fyrri athugasemdir okkar hvað varðar það að fulltrúar stúdenta á Réttindaskrifstofu SHÍ gegni trúnaðarstörfum fyrir stjórnmalaflokka. Sjálfstæði og trúverðugleiki Stúdentaráðs er ekki aðhlátursefni.“

- viii. **Linda Rún:** Nú er háskólamálaráðherra í sama stjórnmalaflokki og þú gegnir trúnaðarstörfum fyrir. Mun þér ekki finnast erfitt sem lánasjóðsfulltrúi að gagnrýna ráðherra og veita henni aðhald?

Júlíus Viggó: Svo ég vitni í orð mín á kjörfundi síðasta árs þá finnst mér persónulega ekkert mál að veita Áslaugu Örnú aðhald eða Sjálfstæðisflokknum yfir höfuð. Í raun hef ég, í forsæti Heimdallar, opinberlega hjólað í forystu Sjálfstæðisflokksins með greinaskrifum oftar en einu sinni. Ég set hagsmuni stúdenta algjörlega í forgang frekar en hagsmuni háskólamálaráðherra. Ég vil líka benda á að með því að nálgast ráðuneytið á annan hátt, að líta á sameiginlega snertifleti, að þá sé hægt mögulega að ná árangri með samráði

frekar en að vera í einhverjum endalausum setuverkfallagír. Ég held að það hafi sýnt sig í verki þegar fulltrúar Vöku funduðu með háskólamálaráðherra að það var sameiginlegur snertiflötur þegar við byrjuðum að einblína á framfærsluhliðina, sem varð til þess að það náðust breytingar til dæmis núna þegar að frítækjumarkið hækkaði um 35%. Þar afleiðandi sé ég það ekki sem vandamál.

- ix. **Gréta** biður um frekari viðbrögð Júlíusar við bókuninni hans Gísla um mikilvægi aðskilnaðar starfa skrifstofunnar annars vegar og Stúdentaráðs hins vegar.

Júlíus Viggó svarar að það sé búið að fara í þaula yfir þetta á fundinum. Hann sjái ekki þann hagsmunarárestur sem sumir fundargestir sjá.

- c. Atkvæðagreiðsla

9 samþykki – Vökuliðar

8 á móti – Röskvuliðar

Júlíus Viggó er því nýkjörinn lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

6. Tilnefningar fylkinga í sviðsráð 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Nominations for the Student Council's schools 2024-2025 (voting)

- a. Samkvæmt lögum Stúdentaráðs hafa 4 aðrir einstaklingar sæti í sviðsráði, til viðbótar við sviðsráðsforseta. Þessir 4 aðilar skulu ákvarðaðir í samræmi við hlutfall kosninganiðurstaðna á kjörfundi. Fyrir fund lagði fráfarandi forseti Stúdentaráðs eftirfarandi gögn fram um skiptingu sviðsráðsfulltrúa milli fylkinga miðað við niðurstöður kosninga.

- i. FVS 2,07 – 2,93 eða námundað í Röskva: 2 og Vaka: 3
- ii. MVS 2,04 – 2,96 eða námundað í Röskva: 2 og Vaka: 3
- iii. HVS 2,57 – 2,43 eða námundað í Röskva 3 og Vaka 2
- iv. HUGS 3,48 – 1,52 eða námundað í Röskva: 3 og Vaka 2
- v. VON 3,01 – 1,99 eða námundað í Röskva: 3 og Vaka: 2

- b. Fyrir fundinn hafa sviðin kosið sér sviðsráðsforseta og tilkynnt kjörið til skrifstofu Stúdentaráðs. Forsetar sviðsráðanna eru eftirfarandi:

- i. Ragnheiður Geirsdóttir á félagsvísindasviði (V)
 - ii. Gunnar Ásgrímsson á menntavísindasviði (V)
 - iii. Tinna Eyvindardóttir á heilbrigðisvísindasviði (V)
 - iv. Ísleifur Arnórsson á Hugvísindasviði (R)
 - v. Kristín Fríða Sigurborgardóttir á Verkfræði- og náttúruvísindasviði (R)
- c. Tilnefningar í sviðsráð eru eftirfarandi

i. FVS er Röskva (2) og Vaka (3)

Patryk Edel (R)
Ólöf Soffía Eðvarsdóttir (R)
Birkir Snær Brynleifsson (V)
Alda María Þórðardóttir (V)

ii. MVS er Röskva (2) og Vaka (3)

Magnús Bergmann Jónasson (R)
Andrea Þórey Sigurðardóttir (R)
Ásthildur Bertha Bjarkadóttir (V)
Gunnar Freyr Þórarinsson (V)

iii. HVS er Röskva (3) og Vaka (2)

Ljóst var að fylkingarnar sammældust ekki um skiptingu sviðsráðsfulltrúa Heilbrigðisvísindasviðs en sá ágreiningur kom til sökum mismunandi túlkunar laga Stúdentaráðs um skipan sviðsráðsfulltrúa.

Kristrún fer fram á svohljóðandi bókun:

18. Grein laga Stúdentaráðs er um skipun sviðsráðs: Í hverju sviðsráði Háskólans sitja 4 fulltrúar sem Stúdentaráð tilnefnir og kýs á kjörfundi, í hlutfalli við kosninganiðurstöður, auk forseta sviðsráðs, sem skipaður er skv. b-lið 8. gr. Hafa stúdentaráðsliðar forgang í sviðsráð. Vaka vill að sviðsráð sé skipuð eftir hlutfalli fulltrúa í stúdentaráði á hverju sviði. Kosningarniðurstöður eru skv. Verklagsreglum heildar fjöldi atkvæða á hverju sviði. Önnur túlkun fer gegn verklegasreglum, gegn

venju og er ólýðræðislegri leiðin til að afgreiða þetta, vegna þess að þetta endurspeglar ekki þau atkvæði sem bárust, aðeins valinn hluta.

- I. **Júlíus Viggó:** Við erum í fulltrúalyðræði, alveg eins og Alþingi. Auðvitað eru niðurstöður kosninga fulltrúarnir sem eru kjörnir í Stúdentaráð. Ef fólk hefði verið ósátt við það þá hefði það átt að bera það upp fyrir kosningar að við hefðum ekki átt að nota D'Hondt-reikniregluna og að fólk gæti kosið þá fulltrúa sem því sýnist. Það er gengið til kosninga með D'Hondt-reglunni, fólk gat kosið þá fulltrúa sem því sýndist og það verður bara að taka þeim niðurstöðum. Ef fólk vill annað fyrirkomulag þá er það umræða sem þarf að taka fyrir kosningar. Auðvitað er það þannig að fylking sem er með tvo af þremur fulltrúum á einu sviði er með meirihluta á því sviði – það er borðleggjandi.

Í ljósi ágreiningsins ákveður nýr Forseti að hinkra með atkvæðagreiðslu um skipan sviðsráðsfulltrúa Heilbrigðisvísindasviðs en býður fylkingunum að tilnefna áfram sviðsráðsfulltrúa hinna sviðanna og ganga til atkvæðagreiðslu um þá skipan í heild sinni.

iv. HUGS er Röskva (3) og Vaka (2)

Sóley Anna Jónsdóttir (R)

Védís Drótt Cortez (R)

Anna Sóley Jónsdóttir (V)

Bjarni Hjaltason (V)

v. VON er Röskva (3) og Vaka (2)

Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir (R)

Magnús Hallsson (R)

Jóhann Almar Sigurðsson (V)

Fannar Gíslason (V)

- d. Atkvæðagreiðsla (tilnefningar fyrir sviðsráð FVS, HUGS, MVS og VON)

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum

Júlíus Viggó ber upp tillögu um að haga skipan sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs með þeim hætti að Vaka fái 3 fulltrúa og Röskva 2 fulltrúa.

a. Mælendaskrá opnar

i. **Rakel Anna:** Væri hægt að færa rök fyrir því hvers vegna þetta er lagt til og af hverju þér finnst þetta samræmast niðurstöðum lýðræðislegrar kosningar?

Júlíus Viggó: Eins og ég sagði áðan þá gengum við til kosninga sem voru með ákveðið fyrirkomulag, sem báðar fylkingar voru samþykkar fyrir fram, sem er fulltrúalýðræði, byggt á sviðum, þar sem það eru x margir fulltrúar per svið og atkvæðin greitt eftir D'Hondt-reglunni. Það var gengið til kosninga, það kom niðurstaða, hún var að Vaka hlyti tvo fulltrúa og Röskva einn. Ég sé ekki af hverju þetta er svona flókið, sérstaklega í ljósi þess að í fyrra, þegar Vaka fékk fleiri atkvæði á Menntavísindasviði en Röskva fékk tvo fulltrúa á Menntavísindasviði, þá var Vaka í minnihluta í sviðsráði.

Rakel Anna bregst við með svohljóðandi bókun:

„Skipan sviðsráðs og sviðsráðsforseta Menntavísindasviðs árið 2023-2024 var samkvæmt samkomulagi og voru oddvitar beggja fylkinga sáttir við þá niðurstöðu.”

Rakel Anna: Lítur þú þá sem svo á að þau atkvæði sem fóru til fulltrúa sem komust ekki í Stúdentaráð séu ógild?

Júlíus Viggó: Ég lít svo á að niðurstöður kosninga gilda, eins og er í öllum öðrum kosningum og samkvæmt lögum Stúdentaráðs að sviðsráð eru skipuð af Stúdentaráði.

Rakel Anna: Samkvæmt niðurstöðum kosninga?

Júlíus Viggó: Já

Rakel Anna: Sem er heildarfjöldi allra atkvæða á sviðinu?

Júlíus Viggó: Vaka er með 9 fulltrúa í Stúdentaráði, Röskva 8. Þetta er ekki flókið. Eigum við að taka það til samráðs að hætta að nota D'Hondt-regluna? Við gengum til þessa kosninga á þessum forsendum. Þetta er forsendan, þetta er niðurstaðan.

Sindri Freyr bendir á að D'Hondt sé ekki notuð til að reikna út atkvæði og útskýrir í leiðinni fyrirkomulagið sem notast er við.

Júlíus Viggó svarar því að þetta sé góð ábending en að samt sem áður sé þetta niðurstaðan.

- ii. **Gunnar:** *Fyrir ári síðan kom skýrt fordæmi fyrir því hvernig lögin voru túlkuð og mér finnst það mjög skrytið og vanvirðing gagnvart Menntavísindasviði í fyrra ef það á allt í einu að snúa því við núna eftir hentusemi ákveðinna fylkinga.*

Kristín: *Þetta er málefni sem var tekið fyrir á síðasta ári. Við erum að tala um það sem er að gerast núna. Eins og þið voruð ósátt með skipan sviðsráðs Menntavísindasviðs í fyrra þá erum við ósátt með skipan sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs í ár.*

Júlíus Viggó: *Einmitt, ég er alveg sammála þér, við eigum að taka ákvarðanir fyrir þetta Stúdentaráð. Þetta eru verklagsreglur síðasta Stúdentaráðs. Við erum að fara eftir lögum og tókum ákvarðanir byggðar á þeim fyrir þetta starfsár.*

Rakel Anna fer fram á svohljóðandi bókun:

„Lítur þú [Júlíus Viggó] því á það sem svo að þessi tillaga fari gegn verklagsreglum síðasta starfsárs?“

Júlíus Viggó verður að ósk Rakelar Önnu um að bóka svar sitt sem er svohljóðandi:

„Ég þekki ekki verklagsreglur síðasta starfsárs eftir bókstaf, því miður, en ég tel þessa niðurstöðu fara eftir lögum Stúdentaráðs.“

- b. Atkvæðagreiðsla
9 samþykkt – Vökuliðar
8 á móti – Röskvuliðar
Tillagan skoðast því samþykkt.

Næst á dagskrá er því e-liður í framhaldi af d-lið 6. fundarliðs að ofan

- e. Tilnefningar í sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs
i. **HVS er Röskva (2) og Vaka (3)**
Guðlaug Eva Albertsdóttir (R)



Jón Karl Einarsson (R)
Eiríkur Kúld Viktorsson (V)
Viktoría Tea Vökudóttir (V)

f. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 17 atkvæðum

7. Tilnefningar fylkinga í nefndir Stúdentaráðs 2024-2025 (atkvæðagreiðsla)

Nominations for the Student Council's committees 2024-2025 (voting)

- a. Nýr Forseti fer yfir þær nefndir sem fylkingarnar þurfa að tilnefna fulltrúa í. Þá útskýrir hann að ekki sé kosið í forsæti alþjóðanefndar og jafnréttisnefndar þar sem þau forsæti eru í höndum alþjóðafulltrúa og hagsmunafulltrúa. Ekki er kosið um Kennslumálanefnd á kjörfundi þar sem skipan hennar er háttuð öðruvísi.

Katla fer fram á svohljóðandi bókun:

„Það er miður að sjá hegðun fulltrúa Vöku á fundinum. Störf Stúdentaráðs eru mikilvæg fyrir hagsmunabaráttu stúdenta og það er leitt að sjá Vökuliða gera það að gríni með spurningum til frambjóðenda ótengdum framboðum þeirra eða störfum réttindaskrifstofu stúdenta. Undirrituðum þykir leiðinlegt að sjá að Vaka skuli ekki sýna starfi Stúdentaráðs virðingu. Við vonumst til þess að þetta séu ekki fordæmi af vinnubrögðum sem við munum sjá á árinu“.

Kristrún fer fram á svohljóðandi bókun:

„Fyrr í dag átti forsvarsfólk Röskvu fund með forsvarsfólki Vöku. Þar kom fram að Vaka ætlaði sér á þessum fundi að taka forsæti í öllum nefndum Stúdentaráðs. Röskva krefst hér með staðfestingar á því, frá öllum stúdentaráðsliðum Vöku, að þetta séu yfirlýst áform meirihluta Stúdentaráðs. Ef svar verður ekki bókað áður en fundarliður hefst munu fulltrúar Röskvu bóka svarið“.

Júlíus Viggó fer fram á svohljóðandi bókun;

„Vaka hefur komið sér saman um sikipulag sem er á þann hátt að í þeim nefndum sem skipaðar eru fjórum aðilum, verði tveir fulltrúar Röskvu, tveir fulltrúar Vöku og þar af tveir frá Röskvu og tveir frá Vöku og Vaka fer með formennsku í öllum þeim nefndum”.

Kristrún fer fram á svohljóðandi bókun;

„Röskva ítrekar sína afstöðu um að kosningarniðurstöður séu heildarfjöldi atkvæða á hverju sviði. Önnur túlkun fer gegn verklegasreglum, gegn venju og er ekki lýðræðislegasta leiðin til að afgreiða skipun í nefndir, vegna þess að þetta endurspeglar ekki þau atkvæði sem bárust, aðeins valinn hluta. Röskva krefst þess að Vaka rökstyðji hvers vegna”.

- i. **Arent:** Það er magnað að verklagsreglur skulu vera ræddar eins oft og raun ber vitni en það er þó full ástæða til þegar þær eru notaðar svona. Við erum með lög, lög félagsins og við störfum eftir þeim. Verklagsreglur eru til þess fallnar að skýra hvernig afgreiða skal umsókn og hvernig stýra skal ákveðnum málefnum innan einhvers valdssviðs, sem viðkomandi aðili sem setur reglurnar, hefur umboð til. Þessar verklagsreglur sem þú ert að visa í eru settar af meirihluta Röskvu í fyrra. Til þess að lagabreyting sé samþykkt þarf aukinn meirihluta eða 2/3 atkvæða – þá verður hún að lögum. Verklagsreglur er eitthvað sem meirihlutinn segir að sé svo og því ótækt að fara að nota þær til að túlka niðurstöður kosninga. Þá gæti til dæmis meirihluti Vöku í Stúdentaráði samþykkt verklagsreglur á þessu starfsári þar sem kveðið sé um að túlkun kosninga skuli vera x. Varla bindur það komandi meirihluta næsta starfsárs.

Nana: Eins og ég skil þig þá ert þú að segja að núverandi verklagsreglur Stúdentaráðs eigi ekki við um þennan kjörfund?

Arent: Það er mjög skýrt kveðið á um í lögum Stúdentaráðs hvernig kjörfundur skal fara fram og hvað skal fara fram á honum.

Nana: Einmitt, þannig þér finnst verklagsreglurnar ekki vera viðeigandi fyrir kjörfund?

Arent: Það ætti ekki skoða stjórnarskrána út frá einhverri reglugerð sem var skrifuð upp úr henni

Nana: Þið munuð væntanlega semja verklagsreglur fyrir þetta starfsár, munuð þið þá ekki hafa neitt um kjörfund í verklagsreglunum?

Arent: Nei, þetta þarf að vera skýrt í lögnum.

Röskvuliðar yfirgefa fund 18:18

Í kjölfarið flytur Mathias Bragi, forseti Röskvu, yfirlýsingu.

Júlíus Viggó ber upp tillögu um fundarhlé en þegar hingað var komið sammældust fundarmenn eigi um lögmati fundarins þar sem dregið var í efa hvort fundurinn uppfyllti skilyrði d-liðar 11. gr. laga Stúdentaráðs, úr því að aðeins voru níu stúdentaráðsliðar viðstödd fundinn. Þá tóku við óformlegar umræður þar sem niðurstaðan var sú að um löglegan fund væri að ræða þar sem 11. gr. nær aðeins yfir stúdentaráðsfundi sem boðaðir eru greininni samkvæmt. Þá fjalli 6. gr. laganna um fundarboð Kjörfundar og því skoðist hann ekki sem stúdentaráðsfundur sem boðaður er samkvæmt 11. gr.

Júlíus Viggó ber að nýju upp tillögu um fundarhlé

Atkvæðagreiðsla: **Einróma samþykkt með 9 atkvæðum**

Hlé gert á fundi

Fundur hefst aftur 18:42

Forseti fer yfir rökstuðninginn á því hvers vegna fundurinn skoðast löglegur og ber upp tillögu um að halda áfram með fundardagskrá.

a. Mælendaskrá opnar

- i. **Rakel Anna:** Miðað við þessa niðurstöðu sem þú hefur kynnt, mætti þá stakur fulltrúi mæta á þennan fund og kjósa um tilnefningar einn síns liðs? Mættu tveir mæta?

Arent: Vissulega, en það væri mjög óábyrgt af nýkjörnum fulltrúum að mæta ekki á fund – eða yfirgefa hann. Ef 15 vitlausir stúdentaráðsliðar myndu ekki mæta á fund, þá gætu einn eða tveir fulltrúar vissulega mætt og ráðið öllu. Það er ekki fordæmi fyrir slíku enda væri það stjórnskipunarlegt slys ef einfaldlega væri hægt að ganga út af fundinum og stöðvað öll störf. Ég efast um að tilgangur Röskvu sé að setja í lamasess allar nefndir Stúdentaráðs. Með hliðsjón af þessum nokkuð skýru lagaákvæðum og þyngd málsins er ekki hægt annað en að halda áfram með fundinn.

- ii. **Nana** segir að henni finnist ósamræmi í túlkunum Forseta á lögnum því í 12. gr. um atkvæði á stúdentaráðsfundi sé kveðið á um hluti sem vissulega eigi líka við á þessum kjörfundi – annað hvort sé Kjörfundur stúdentaráðsfundur eða ekki. Nana bætir því svo við að henni þyki það lélegt að sjá þau barnalegu vinnubrögð sem bæði

Röskva og Vaka hafa sýnt – sérstaklega í ljósi þess að Vaka hafi á seinasta starfsári talað um mikilvægi þess að vinna saman.

Arent: Hárrétt sem þú segir, en til þess að útskýra, þá getum við kallað þennan fund hvað sem er en þetta er ekki fundur sem er boðaður samkvæmt 11. gr. og það er í þeirri grein sem það kemur skýrt fram ákvæðið um lögmæti fundar út frá fjölda viðstaddra stúdentaráðsliða. Þetta er samt fundur Stúdentaráðs og því gildir 12. gr. áfram um fundinn.

b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

c. Tilnefningar fylkinga í nefndir Stúdentaráðs Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

i. **Alþjóðanefnd**, - 2 sæti, ekki forsæti

Arent leggur til að fresta atkvæðagreiðslu um skipan alþjóðanefndar fram að skiptafundi

*Atkvæðagreiðsla: **Einróma samþykkt með 9 atkvæðum.***

ii. **Umhverfis- og samgöngunefnd** - 4 sæti + forsæti

Guðni Thorlacius (R)

Svanlaug Halla Baldursdóttir (R)

Jóhann Almar Sigurðsson (V) – forseti

Ásdís Rán Kolbeinsdóttir (V)

I. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

iii. **Lagabreytingarnefnd** – 4 sæti + forsæti

Gísli Laufeyjarson Höskuldsson (R)

Helga Björg Óladóttir (R)

Jens Ingi Andrésson (V) – forseti

Kjartan Leifur Sigurðsson (V)

I. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

iv. **Félagslífs- og menningarnefnd** – 4 sæti + forsæti

Fjóla Kristný Andersen (R)
Kristján Benóný Kristjánsson (R)
Kristófer Breki Halldórsson (V) – forseti
Björgvin Viðar Þórðarson (V)

I. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

v. **Fjármála- og atvinnulífsnefnd** - 4 sæti + forsæti

Ármann Leifsson (R)
Afomia Mekonnen (R)
Signý Rut Hermannsdóttir (V) - forseti
Björn Rúnar Kristinsson (V)

I. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

vi. **Fjölskyldunefnd** - 4 sæti + forsæti

Linda Rún Jónsdóttir (R)
Fjóla María Sigurðardóttir (R)
Karen Lind Skúladóttir (V) - forseti
Viktoría Tea Vökudóttir (V)

I. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

vii. **Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd** - 2 sæti + forsæti

Patryk Lukasz Edel (R)
Hannes Lúðvíksson (V) – forseti

I. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

viii. **Jafnréttisnefnd** - 5 sæti alls, 1 frá hverju fræðasviði

FVS: Friðrik Þór (V)



HVS: Tinna Eyvindardóttir (V)

HUGS: Védís Drótt Cortez (R)

VON: Agla Arnars Katrínardóttir (R)

MVS: Ásthildur Bertha Bjarkadóttir (V)

I. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

8. Kjör Aurora fulltrúa Stúdentaráðs

Election of Aurora representative of the Student Council 2023-2024 (voting)

a. Arent óskar eftir tilnefningum til Aurora fulltrúa úr sal. Röskva tilnefnir ekki. Vaka tilnefnir Jóhann Almar Sigurðsson.

b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

9. Kjör varafulltrúa í Stúdentaráð 2023-2024 (atkvæðagreiðsla)

Election of vice-representatives of the Student Council 2023-2024 (voting)

a. Tilnefningar eru eftirfarandi:

i. **Félagsvísindasvið**

Helga Björg Óladóttir (R)

Mathias Bragi Ölvísson (R)

Alda María Þórðardóttir (V)

Kristófer Breki Halldórsson (V)

Kjartan Leifur Sigurðsson (V)

ii. **Heilbrigðissvísindasvið**

Guðlaug Eva Albertsdóttir (R)

Snæfríður Blær Tindsdóttir (V)

Lilja (V)

iii. **Hugvísindasvið**

Védís Drótt Cortez (R)

Jenný María Jóhannsdóttir (R)

Bjarni Hjaltason (V)



iv. **Menntavísindasvið**

Andrea Þórey Sigurðardóttir (R)

Gunnar Freyr Þórarinsson (V)

Sólmundur Magnús Sigurðarson (V)

v. **Verkfræði- og náttúruvísindasvið**

Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir (R)

Magnús Hallsson (R)

Ásdís Rán Kolbeinsdóttir (V)

b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

10. Tilnefningar fylkinga til Háskólaþings 2023-2024 (atkvæðagreiðsla)

Nominations for the University Assembly 2023-2024 (voting)

Júlíus Viggó ber upp tillögu um að skipan aðal- og varafulltrúa til Háskólaþings skuli háttað svo að Vaka hljóti 4 aðal- og varafulltrúa og Röskva hljóti 3 aðal- og varafulltrúa.

*Atkvæðagreiðsla: **Einróma samþykkt með 9 atkvæðum***

Arent leggur til að fresta atkvæðagreiðslu um skipan fulltrúa Röskvu til Háskólaþings fram að skiptafundi

*Atkvæðagreiðsla: **Einróma samþykkt með 9 atkvæðum***

a. Tilnefningar Vöku (V) til aðalfulltrúa á Háskólaþingi eru eftirfarandi:

Jóhann Almar Sigurðsson

Gunnar Ásgrímsson

Tinna Eyvindardóttir

Anna Sóley Jónsdóttir

b. Tilnefningar Vöku (V) til varafulltrúa á Háskólaþingi eru eftirfarandi:

Eiríkur Kúld Viktorsson

Ragnheiður Geirsdóttir

Ásthildur Bertha Bjarkadóttir

Birkir Snær Brynleifsson

c. Atkvæðagreiðsla (um a. og b. saman)

Einróma samþykkt með 9 atkvæðum

11. Önnur mál

Other issues

- a. Arent fer yfir næstu skref og hvetur nýkjörna fulltrúa að hafa samband við forvera í sína í starfi og spyrja þau spjörunum úr.
- b. Undir öðrum málum voru einnig óformlegar umræður um ágreiningsefni fundarins.

12. Fundi slitið 19:12